

EFTIRLITSSKÝRSLA

Hafrannsóknarstofnun Stað, Grindavík



Dags eftirlits	9.3.2021	Ábyrgðarmaður eftirlits	Guðbjörg Stella Árnadóttir
Fyrirtæki	Hafrannsóknarstofnun	Eftirlitsmaður	Guðbjörg Stella Árnadóttir
Heimili	Stað	Tegund eftirlits	Reglubundið
Kennitala	470616-0830	Flokkur	Fiskeldi
Fulltrúi fyrirtækis	Matthias Oddgeirsson	ÍSAT nr.	03.22.0
Fulltrúi fyrirtækis		Staðsetning	

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Tvö frávik frá kröfum starfsleyfis komu fram í eftirliti er varða að myndatökur við frárennislögn út í viðtaka eru ekki hafnar og að öryggisblöð um alla efnanotkun eru ekki til staðar og aðgengileg starfsmönnum. Ein ábending er sett fram um að huga þurfi að að hreinsun reka og rusls við stöðina sem rekið hefur á land í vetur.

UMFANG EFTIRLITS

Um landeldisstöð er að ræða þar sem allt eldi er staðsett innandyra. Stöðin stendur niðri á sjávarbakka, innan við Stekkjarnef sem er brimbrjótur sunnan og austan við húsnæði stöðvarinnar.

Umfang boðaðs eftirlits var eftirfarandi:

- Farið yfir stöðuna frá síðasta eftirliti og stöðu frávíka
- Áhættumat til ákvörðunar á tíðni eftirlitsferða.
- Farið yfir starfsleyfið og minnt á skil skv. því
- Eftirlitsmælingar og skráningar
- Áætlanir og viðbrögð
- Umgengni lóðar og aðkoma.
- Geymsla og meðhöndlun hættulegra efna.
- Leiðbeiningar Umhverfisstofnunar um meðhöndlun fastefnis frá landeldisstöðvum.

Farið var yfir stöðuna frá síðasta eftirliti og staðfest að úrbótum vegna frávíka frá síðasta eftirliti er lokið. Farið var yfir áhættumat til ákvörðunar á tíðni eftirlitsferða og það uppfært m.t.t. stöðu stöðvarinnar í dag.

Árið 2020 voru alin í stöðinni hrognkelsi, sandhverfa, steinbítur, þorskur og lúða auk lax og bleikju. Samtals var ársframleiðslan um 10 tonn á síðasta ári en starfsleyfið gerir ráð fyrir allt að 50t framleiðslu. Frárennslu stöðvarinnar rennur í vog sem er innan við brimbrjótinn og í háflóði flæðir alveg upp að frárennslisröri. Sterkir sjávarstraumar eru fyrir utan voginn og vatnsskipti góð við útrásina. Til stendur að sameina frárennslu við frárennslu fiskeldisstöðvar Samherja sem stendur á næstu lóð en tímasetning á þeirri framkvæmd hefur ekki verið ákveðin. Fóðurgjóf er eins og áður, handfóðrað og klukkufóðrun. Mest af fóðrinu kemur frá Fóðurverksmiðju Laxá.

Umhverfismarkmið stöðvarinnar eru þau sömu og fyrir aðra starfsemi Hafrannsóknarstofnunar og hafa þau verið stend eftirlitsaðila. Góð almenn þekking starfsmanna er í stöðinni og ekki mikið um mannabreytingar. Ekki eru skipulögð sérstök þjálfunarnámskeið varðandi meðferð hættulegra efna. Bent var á að öryggisblöð þurfi að vera aðgengileg starfsmönnum á staðnum.

Viðbragðsáætlun, neyðaráætlun og tryggingar vegna bráðamengunar hafs og stranda eru til staðar en rekstraraðili sendir uppfært afrit tryggingaskírteinis til eftirlitsaðila.

Efnalosun var reiknuð út í grænu bókhaldi rekstraraðila fyrir árið 2019 og voru niðurstöður þeirra innan marka starfsleyfis, eða 4,3 kg/tonn af fosfór. Ekki eru viðmiðunarmörk fyrir önnur efni í starfsleyfi en einnig var magn köfnunarefnis og svifagna mælt. Rekstraraðili skal taka myndir á tveggja mánaða fresti af umhverfi frárennslis skv. gr. 3.5 í starfsleyfi. Þær myndatökur eru enn ekki hafnar. Myndir af frárennslu voru sendar eftirlitsaðila með tölvupósti þann 26. mars sl. sem og niðurstöður mælinga og útreikninga efnalosunar í frárennslu fyrir árið 2020. Var losunin innan marka ákvæðum starfsleyfisins.

Allt sorp fer til flokkunar og brennslu í Kólku en dauðfiskur fer til fóðurgerðar í Skinnfisk. Umbúðir hreinsiefna og fóðurs fóru einnig til Kólku. Ekki er mikið um efnanotkun í stöðinni en í grænu bókhaldi stöðvarinnar eru talin upp þau efni sem notuð eru. Engin olíugeymir er á starfsstöðinni.

Skráningar skv. gr. 4.1 í starfsleyfi eru aðgengilegar í grænu bókhaldi rekstraraðila.

Engin mengunaráhöpp eða kvartanir eru skráðar hjá rekstraraðila né eftirlitsaðila frá því að síðasta eftirlit fór fram.

Stöðin er snyrtileg á að líta og umgengni almennt góð, en huga þarf að hreinsun eftir hvassviðri vetrarins þar sem rekavið, netum og böndum hefur skolað á land fyrir neðan stöðina.

Frávik frá	Lýsing á fráviki
Gr. 3.5 í starfsleyfi	Rekstraraðili skal taka myndir við útrásina til að fylgjast með hvort starfsemin hafi áhrif á umhverfið þar í kring á tveggja mánaða fresti. Myndatökur eru ekki hafnar. Rekstraraðili sendi myndir til eftirlitsaðila þann 26. mars sl.
Gr. 3.12 í starfsleyfi	Við alla efnameðferð skal gæta þess að öryggisblöð séu aðgengileg og uppfærð. Öryggisblöð voru ekki til staðar í starfsstöðinni og ekki aðgengileg starfsmönnum.

ÁBENDINGAR

Ábending er sett fram um að huga þurfi að hreinsun reka og rusls við stöðina sem rekið hefur á land í vetur.

ANNAÐ


Minnt var á að skiladagur græns bókhalds og ársyfirlits er þann 1. maí nk. og að gögn skuli send á ust@ust.is og afrit á eftirlitsmann. Ársskýrsla og grænt bókhald fyrir árið 2020 barst eftirlitsaðila með tölvupósti þann 26. mars sl.

Leiðbeiningaskjal um fráveitu- og fastefnameðhöndlun fiskeldisstöðva á landi var kynnt og afrit sent með fundarboði eftirlitsins.

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Ábending: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

Reykjavík, 06.04.2021



Guðbjörg Stella Árnadóttir

